

Nd.

388. Frumvarp

til laga um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Drættir: Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Fastar veiðivélar: Öll veiðitæki, sem fest eru í vatni og fiskur getur ánetjast í eða króast, svo sem lagnet, króknet, kistur og girðingar.

Félagsveiði: Félagsskap eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

Fiskrækt: Hverskonar aðgerðir, sem ætla má, að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, svo sem klak, flutningur fiskseiða í vatnið, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs og aðgerðir til að greiða fyrir fiskför um vatn.

Fiskur: Lax og silungur.

Fiskvegir: Hverskonar mannvirki, er gera veiðivötn fiskgeng eða gera fiski auðveldari för um þau.

Göngusilungur: Silungur, er gengur úr sjó í ferskt vatn, svo sem sjóbirtingur og sjóreyður.

Lagnir: Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem föstum veiðitækjum verður við komið.

Leirur: Þau svæði við sjó, sem þurr eru eða með grunnum vöðlum um stórstraumsfjöru, en sjór fellur yfir um stórstraumsflóð, og ógróin svæði við stöðuvötn, sem vatn eða ár ganga yfir í flóðum, en þurr eru eða með grunnum vöðlum þegar vötn eru litil.

Ós í á: Þar sem straumlina þverár sameinast straunlínu höfuðár.

Ós í sjó: Það svæði í á, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um stórstraumsflóð, og niður til þess, er straumur fellur niður um stórstraumsfjöru.

Ós í stöðuvatn: Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður þá er vatn stendur hæst, og þess, er straumur fellur niður, er vatn stendur lægst.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður, er straumlína ár hefst.

Sjór: Salt vatn utan árósa.

Straumlína (strengur): Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.

Vatn: Ósalt vatn, straumvatn eða stöðuvatn.

Vatnasilungur: Silungur, sem elur allan aldur sinn í fersku vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja og murta.

Veidimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

Veiditala: Tala veiddra fiska.

Veidivötn: Ár og stöðuvötn, sem veiði er í eða mætti vera í, ef fiskur væri ræktaður í vatninu.

II. KAFLI.

Um veiðirétt.

2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði í vötnum á landi sínu.

2. Nú hefir maður fengið veiðiskirteini, slíkt er ræðir um í 20. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til klaks eða vísindalegra rannsókna. Veiðieigandi á þó rétt á að hagnýta sér fisk, sem veiddur er með slíkri heimild og drepinn á veiðistað, nema nota verði hann til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.

3. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúðinni.

4. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 2. málsg. 55. gr. Þó má skilja rétt til stangarveiði við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til, og mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því að leyfið sé veitt.

5. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 4. málsgrein, og er þá löglegt að landeigandi jafnframt afsali sér afnotarétti til annarar veiði í vatninu það tímabil, er stangarveiðin er við landareignina skilin.

3. gr.

1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella myndu hafa fylgt samkvæmt 1. málsg. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, enda krefjist $\frac{3}{4}$ hlutar þeirra innlausnar.

2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. málsg., og eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttarins krafizt þess, að þeir landeigendur, sem eigi kröfðust innlausnar, leysi einnig til sín veiðirétt í vatninu, hver fyrir sínu landi. Nú vill landeigandi ekki innleysa veiðirétt fyrir landi sínu, og skulu þá þeir, er innlausnar hafa krafizt, einnig innleysa veiðirétt hans.

3. Um mat á andvirði veiðiréttarins og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 83. og 85. gr.

4. gr.

1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skal skipti lengur standa en eitt ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. málsgr. eða önnur lögmæt skipun verið á ger.

5. gr.

1. Héraðsmönnum öllum er veiði jafnheimil í vötum í afréttum og almenningum, sem héruð eiga eða nota með löglegri heimild og ekki eru einstaks manns eign.

2. Öllum er veiði heimil í vötum í afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað einstaklingsréttarheimild til þeirra.

6. gr.

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Rétt er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell eftir mati, ef ekki semur. Skipta má veiði samkvæmt 4. gr.

7. gr.

Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir.

8. gr.

1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins, og er hún þeim öllum jafnheimil. Sé forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.

2. Nú hefir dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanfögnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er ræðir um í þessari grein, eftir 4. gr.

4. Nú er fiskræktarfélag stofnað við stöðuvatn, og hverfur þá veiðiréttur til þeirra einna, er félagar eru í fiskræktarfélaginu, enda starfi félagið svo sem fyrir er mælt í samþykkt þess.

9. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði í sameignarlandi eða félagsvatni (4. gr. 1. málsg. r.) eða í afrétti eða almenning (5. gr. 1. málsg. r. og 8. gr. 1. og 2. málsg. r.)

III. KAFLI.

Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

10. gr.

1. Skrásetja skal veiðivötn í landinu.

2. Í skránni skal greina:

- a. Nafn veiðivatns og legu þess.
- b. Hvaða jörðum fylgi veiðiréttur í vatninu og frá hvaða jörðum hafi verið stunduð veiði.
- c. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatninu.
- d. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatninu síðasta veiðitíma áður en lög þessi tóku gildi, svo og þær, er síðar eru teknar til notkunar.
- e. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatninu.
- f. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatninu.
- g. Önnur atriði, sem þýðingu hafa um veiði í vatninu og þörf þykir að skrásetja.

3. Veiðimálastjóri hefir með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær upplýsingar, er hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf um veiðivatn þeirra.

4. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásett.

11. gr.

1. Ákveða má í samþykkt fiskræktarfélags, eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, svo og lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó.

2. Eftirlitsmenn með veiði hafa merkingu veiðarfæra með höndum, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

3. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um merkingu veiðarfæra. Í reglugerð má kveða á um gjald fyrir merkingu, er eigandi veiðarfæra skal greiða. Gjald þetta rennur til sýslusjóðs upp í kostnað hans til eftirlits með veiði.

12. gr.

1. Hver veiðieigandi skal gefa skýrslu um veiði sína.

2. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er veiðimálastjóri setur, og skal veiðimálastjóri sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið eyðublöð undir þær sér að kostnaðarlausu. Kostnaður við prentun eyðublaðanna greiðist úr rikissjóði.

3. Eftirlitsmenn með veiði, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og senda þær veiðimálastjóra.

IV. KAFLI.

Um friðun lax og göngusilungs.

13. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annara fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Nú hefir laxveiði í sjó annaðhvort verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi á árinu 1932, eða tillit hefir verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignarverðs í því mati, og skal þá sú veiði leyfileg framvegis.
4. Ef veiðieigendur, einn eða fleiri, í veiðivatni, er svo nærri liggur sjávarveiði, slíkri sem ræðir um í 3. málsg., að ætla megi, að álitni veiðimálastjóra, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, óska að leysa sjávarveiðina til sín, þá skal það heimilt, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttarins og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 83. og 85. gr.

14. gr.

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur net, þau er lax má í veiða.
2. Eigi má hafa ádrátt í sjó nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem fiskur gengur í úr sjó.

15. gr.

1. Eigi má hafa ádrátt í ósum í sjó eða á leirum við sjó.
2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða í ósum í stöðuvötn, og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.
3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því, er ræðir um í 1. og 2. málsg., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við eigi er talin skaðvænleg.
4. Ráðherra getur einnig, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað veiði lengra upp frá ós eða niður frá ós en segir í 2. málsg., enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatninu.

16. gr.

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 15. september ár hvert.

2. Á tímabili því, er getur í 1. málsg., má þó hvergi stunda laxveiði, aðra en stangarveiði, nema 3 mánuði. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, ákvæði um það, hvenær veiðitími þessi skuli standa í hverju fiskihverfi. Skytt er að leita álits hlutaðeigandi fiskiræktarféлага eða sýslunefnda um þetta efni.

3. Göngusilung má eigi veiða nema á tímabilinu frá 1. apríl til 15. september ár hvert. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað, að göngusilungur sé veiddur lengur í lagnet.

4. Á tímabilinu frá 1. apríl til þess er laxveiði byrjar má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en lagnet og dráttarnet.

5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl til þess er laxveiði byrjar, og er þá þeim, er veiðir, skytt að sleppa honum í vatn aftur.

6. Á friðunartímum þeim, sem ræðir um í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivötnum, sbr. þó 3. málsg.

17. gr.

1. Á veiðitíma þeim, er getur um í 16. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annari en stangarveiði, 60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má auk þess aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis, og aldrei nema fjóra daga í viku, frá mánudegi til fimmtudags. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft, að hafa megi ádrátt í á fimm daga í viku, ef drættir eru fáir og skammir í ánni.

2. Ráðherra getur ákveðið, að friðun sú, sem ræðir um í 1. málsg., skuli gilda aðra daga ofar í á en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til að jafna fiskgengd í vatninu.

18. gr.

1. Heimilt er ráðherra að banna alla veiði, aðra en stangarveiði, í hyljum undir fossum, eða á öðrum þeim stöðum, þar sem fiskur safnast fyrir vegna fyrirstöðu á göngu sinni, enda telji veiðimálastjóri hættu á því, að önnur veiðitæki á þeim stað hindri fisk svo mjög á göngu, að fiskstofni árinna sé hætta af því búin. - - Með sama skilorði getur ráðherra bannað að nota fastar veiðivélar, eða vissar tegundir þeirra, í fossum eða á fossabrúnum.

2. Ráðherra er og heimilt, eftir tillögum veiðimálastjóra, að banna alla veiði, aðra en stangarveiði, á tilteknum svæðum ár, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar, enda telji veiðimálastjóri, að önnur veiði á þeim stöðum sé hættuleg fyrir fiskstofn árinna.

3. Ráðherra getur ennfremur, eftir tillögum veiðimálastjóra, friðað tiltekna drætti fyrir ádráttarveiði, þar sem á er svo auðdræg, að veiðimálastjóri telur fiskstofn árinna hættu búna af ádráttarveiði. Á sama hátt getur ráðherra friðað heilar ár fyrir allri veiði, annari en stangarveiði, enda séu arnar svo litlar, að ekki virðist unnt að vernda fiskstofn þeirra á annan hátt fyrir geryðingu.

Í slíkum ám skal þó veiðifélagi vera heimilt að stunda veiði með föstum veiðivélum, en þó því aðeins, að veiðimálastjóri samþykki.

4. Friðun þá, er ræðir um í 1.–3. málsg., má binda við tiltekinn tíma. Friðunarákvæði þessi liggja undir samþykki veiðimálanefndar.

19. gr.

1. Eigi má veiða lax, er minni sé en 35 cm. að lengd, og eigi göngusilung, sem sé minni en 25 cm. að lengd.

2. Nú veiðist lax eða göngusilungur, minni en segir í 1. málsg., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

20. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 15.—19. gr. skal leyfilegt vera að veiða lax eða göngusilung hvenær sem er og hvar sem er og án tillits til stærðar til klaks eða vísindalegra rannsókna.

2. Til veiði þeirrar, er ræðir um í 1. málsg., þarf veiðiskirteini. Náðherra gefur út veiðiskirteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Skal skirteinið gefið út til tiltekins tíma og hljóða á nafn eða vera gefið út fiskræktarfélagi til handa. Skirteini um veiði til klaks skal þó aðeins heimila veiði í fiskihverfi því, sem klakið er starfrækt í, og má binda leyfið því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í vatn það, er veitt var í.

21. gr.

1. Á tímabilinu frá 20. september til 20. maí ár hvert skal vera bann að gefa, selja eða láta lax með öðrum hætti af hendi, kaupa hann, þiggja að gjöf eða taka við honum með öðrum hætti, svo og að flytja hann úr landi.

2. Bann það, er ræðir um í 1. málsg., gildir eigi um:

- a. Lax eða göngusilung, sem sannanlega er veiddur erlendis.
- b. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur á lögleyfðum tíma, enda sé hann afhentur eða útfluttur frosinn, saltaður, reyktur eða niðursoðinn.
- c. Lax eða göngusilung eða seiði þeirra, sem afhent eru til fiskræktar innanlands.

3. Sönnunarbyrði þess, að lax eða göngusilungur sé veiddur erlendis eða á lögleyfðum tíma, hvílir á þeim, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, er felst í þessari grein.

V. KAFLI.

Um friðun vatnasilungs.

22. gr.

1. Í yötnum, sem klak er ekki starfrækt í, skal vatnasilungur, annar en murta, vera friðaður fyrir allri veiði, annari en dorgar- og stangarveiði, á tímabilinu frá 27. september til 31. janúar ár hvert.

2. Í vötnum, sem klak er starfrækt í, má friðunartími sá, sem ræðir um í 1. málsg. vera jafnmörgum vikum styttri en í 1. málsg. segir, sem tala seiða, sem sleppt er í vatn úr klaki, er mörgum sinnum hærri en veiðitala í vatninu. Þá er sleppt er í vatnið 18 seiðum fyrir hvern silung veiddan, má friðun falla niður, ef veiðimálastjóri mælir með því og fiskræktarfélag við vatnið eða $\frac{2}{3}$ hlutar þeirra, er veiði eigi í vatninu, æskja þess.

3. Veiðimálastjóri setur reglur um það, hvernig friðun skuli stytt eftir 2. málsg. í hverju fiskihverfi, og skal haga styttingunni svo, að jafnan falli burt sá hluti friðunartímans, þegar hrygning er minnst. Ef hrygning er mismunandi á ýmsum hlutum fiskihverfisins, má stytta svo, að friðunartími verði mismunandi, þótt í sama vatni sé. Reglur um styttingu skulu háðar samþykki veiðimálanefndar.

4. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, í reglugerð ákvæði um friðun vatnasilungs í vötnum, þar sem hann hrygnir að sumarlagi. Skal friðunartími þá vera einn mánuður í vötnum, sem klak er ekki starfrækt í, en styttest samkv. ákvæðum 2. málsg. í öðrum vötnum.

23. gr.

1. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað, að nokkru eða öllu leyti, silungsveiði á tilteknum svæðum í vötnum, þar sem hitasilungur eða ungvíði safnast fyrir, eða þar, sem silungsgengd er mikil til hrygningar, enda sé hætta á, að önnur silungsveiði á þeim svæðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins eða rýri hann til muna.

2. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, takmarkað eða fellt með öllu niður friðun þá, er ræðir um í 22. gr. og 1. málsg. þessarar gr., þar sem nauðsynlegt þykir að fækka fiski í vatni eða uppræta úr því úrkynjaðan kynstofn, til þess að rækta annan fiskstofn kynbetri.

3. Ráðherra getur og, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, leyft lagnetaveiði á friðunartíma þeim, er ræðir um í 22. gr., í þeim fiskihverfum, þar sem fiskrækt er stunduð. Leyfi þetta skal binda þeim skilyrðum, er nauðsynleg þykja til tryggingar því, að hrygnandi fiskur verði veiddur á þennan hátt, svo sem með fjarlægð lagna frá hrygningarsvæðum.

4. Ákvæði greinar þessarar um friðun og undanþágu frá friðun má binda við tiltekið tímabil.

24. gr.

Ákvæði 20. gr. gilda einnig um veiði vatnasilungs.

VI. KAFLI.

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

25. gr.

1. Í ám má aðeins nota þau veiðitæki til laxveiða eða silungs, er hér segir: Stöng, færi, kistur, lagnet, króknet, ádráttarnet og girðingar.

2. Ráðherra getur þó leyft, að reynd séu eða upp tekin önnur veiðitæki, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Leyfi þessi skal binda þeim skilyrðum um gerð tækjanna eða notkun, er nauðsynleg þykja.

26. gr.

1. Eigi má veiða lax eða silung með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til að ná á land fiski, sem fastur er á öngli eða í neti eða kominn er í kistu eða veiðikró, og skal gerð þeirra miðuð við þau not ein.

2. Eigi má veiða lax eða silung með því að veita af þeim vatni.

27. gr.

1. Laxakistur og silunga skulu þannig gerðar, að í þeirri hlið kistunnar, er mest veit móti straumi, séu ekki færri en tíu spelar sivalir, er standi lóðrétt og nái frá botni kistunnar til yfirborðs vatns, og má eigi vera minna bil en 4,5 cm. á milli spelanna. Slár má því aðeins hafa milli spela, að þær gangi þvert í þá, og se aldrei minna bil en 50 cm. á milli slánna.

2. Garður sá, sem gengur milli lands og kistu, skal einnig vera gerður úr spelum, og skal spelunum og slám á milli þeirra vera svo fyrir komið, sem segir í 1. málsg. Á garði þessum skal vera hlið, þar sem straumur er mestur eða ætla má, að fiskur eigi greiðasta för í þeim hluta ár, er garðurinn nær yfir, eigi þrengra en 40 cm. og ná frá botni til yfirborðs vatns.

3. Garður sá, sem gengur forstreymis frá kistu, skal vera gerður úr spelum, og skal spelunum og þverslám í garðinum svo hagað sem segir í 1. málsg. Eigi má garður þessi ná lengra út í á en svo, að $\frac{2}{3}$ hlutar af breidd árinna séu utan hans, og aldrei má hann ná yfir aðalstraumlínu árinna, sbr. þó 68. gr. Veiðimálastjóri getur skipað fyrir um, að sett skuli hlið í garð þennan, þar sem ætla má, að fiskför verði mest í þeim hluta árinna, er garðurinn nær yfir. Hlið þessi skulu svo gerð, sem fyrir er mælt í 2. málsg.

4. Þann tíma viku, er á er friðuð samkv. 17. gr., skulu hlið þau öll, er ræðir um í 2. og 3. málsg., opin standa. Inngangur í kistu skal þá vera lokaður eða hlið opið úr kistu straummegin, svo gert sem segir í 2. málsg.

5. Kistum öllum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að ganga að þeim úr landi til eftirlits.

28. gr.

1. Lagnet og króknet, sem notuð eru í ám þeim, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

2. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, reglur um möskva-stærð lagnetja og króknetja, er nota á til veiði vatnasilungs í ám, er lax eða göngusilungur fer ekki um.

3. Aldrei má lagnet, króknet eða leiðari frá sliku neti ná lengra út í á en svo, að $\frac{2}{3}$ hlutar af breidd árinna séu utan þeirra, og aldrei svo, að aðalstraumlina ár sé girt með þeim, sbr. þó 68. gr.

4. Eigi má nota tvöföld net. Þó má í ám, sem mikið bera af slýi eða

slafaki, hafa net til varnar fyrir reki þessu. Varnarnet þessi mega þó hvergi vera nær neti eða netgarði en 3 metra, og skulu þau vera þannig gerð, að fiskur geti ekki ánetjast í þeim eða króast. Veiðimálastjóri getur sett reglur um gerð varnarnetja þessara.

5. Þann tíma viku, er á er friðuð samkv. 17. gr., skulu öll lagnet upp tekin eða svo um þau húið, að fiskur geti með engu móti í þau veiðzt eða hindrazt af þeim á göngu.

29. gr.

1. Ádráttarnet, sem nota á í ám, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

2. Eigi má draga ádráttarnet yfir meira en $\frac{2}{3}$ hluta af breidd ár í senn, og skal fiskför því jafnan vera frjáls og óhindruð um þriðjung af breidd árinna.

3. Fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fisks, má eigi nota við ádrátt í ám. Eigi mega ádráttarnet vera tvöföld.

4. Eigi má hafa ádrátt í á nær fastri veiðivél en 200 metra.

5. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um lengd ádráttarnetja þeirra, er nota má í tiltekinni á eða í tilteknum dráttum í henni.

30. gr.

1. Girðingar í veiðivötnum, er lax eða göngusilungur fer um, skulu þannig gerðar, að við inngang í veiðikrær sé hlið á girðingu, eigi minna en 5 metrar á breidd. Veiðimálastjóri getur auk þess mælt fyrir um, að hlið skuli sett á girðingar þar, sem þær liggja yfir ála, sem ætla má að mikil fiskför sé í. Hlið þessi öll skulu standa opin þann tíma viku, er á er friðuð samkvæmt 17. gr., en krærnar sjálfar þá vera lokaðar, sbr. þó 68. gr.

2. Girðingar mega aldrei ná yfir meira en $\frac{1}{3}$ hluta af breidd árinna og aldrei má girða yfir aðalstraumlinu ár. Aldrei má girðing ná yfir meira en $\frac{1}{4}$ hluta af breidd óss eða leiru.

3. Í girðingum og veiðikróm mega net eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

4. Inngangur í veiðikrær skal jafnan vita undan straumi og má leiðari frá girðingu aldrei liggja upp á móti straumi, né girðingu að öðru leyti vera þannig hagað, að hætta sé á, að hún taki fisk, er leitar út úr á eða árósi.

31. gr.

1. Lengd fastrar veiðivélar frá bakka og út í á skal miðuð við það, að meðalrennsli sé í ánni.

2. Milli fastra veiðivéla, hvort heldur eru sömu megin ár eða sín frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilangri á, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélarinnar frá árbakka og út í á. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar.

32. gr.

1. Í þann hluta ár, sem fiskur á að eiga frjálsa för um framhjá fastri veiðivél, samkvæmt því, sem að framan er sagt, má ekki láta grjót eða aðra hluti, er tálma myndu för fisksins framhjá veiðivélinni. Eigi má heldur dýpka farveg ár niður frá fastri veiðivél eða upp frá henni, svo að dýpri verði en sá hluti árinna, sem fiskur á för um framhjá veiðivélinni.

2. Nú hefir veiðieigandi brotið gegn ákvæðum 1. málsg. og skal honum þá skylt, er þess er krafizt, að nema farartálmann í burtu eða fylla farveg svo, að í samt lag komist og áður. Verk þetta má eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri láta vinna á kostnað veiðieiganda, ef hann lætur eigi vinna það sjálfur. Veiðivél skal þá og upp tekin og má eigi setja hana niður í á fyrr en áin er komin í samt lag og áður.

3. Bannað er að stýggja eða teygja fisk í fastar veiðivélar eða ádráttarnet, svo sem með hávaða, grjótkasti, ljósum eða þesskonar.

33. gr.

Nú rennur á í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri, sem væri nú sjálfstæð á.

34. gr.

1. Í stöðuvötnum má nota þau veiðitæki ein til fiskveiða, er hér segir: Færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að upp séu tekin önnur veiðitæki samkvæmt því, sem segir í 2. málsg. 25. gr.

2. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um möskvastærð netja þeirra, er notuð eru í vötnum þeim, er ræðir um í 1. málsg., um lengd lagnetja og millibil milli þeirra, um gerð ádráttarnetja og notkun og um lágmarksstærð silungs, er veiða má.

3. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkv. reglum þeim, er ræðir um í 2. málsg., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

VII. KAFLI.

Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.

35. gr.

1. Ráðherra getur leyft að gera fiskveg í vatni eða meðfram vatni. Leyfi þetta skal því aðeins veitt, að veiðimálastjóri mæli með því og hafi samþykkt gerð fiskvegarins og tilhögun, enda sé verkið unnið undir umsjón hans.

2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með þarf til þess að fiskvegur sé gerður, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem fisk-

vegurinn kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, eftir mati, nema samkomulag verði.

3. Um breytingu á fiskvegi, eða ef vatnsmagn í honum er aukið eða minnkað, fer eftir því, sem segir í 1. og 2. málsg. r.

36. gr.

1. Eigi má veiða eða stýggja fisk í fiskvegum né nær neðra mynni þeirra en 50 metra og nær efra mynni þeirra en 30 metra. Ákvæði þetta gildir þó eigi um veiði til klaks eftir veiðitíma, né um veiði til vísindalegra rannsókna, enda hafi þeir, er veiða, fengið veiðiskirteini samkvæmt 20. gr.

2. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

37. gr.

1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki, sem eigi eru lögleg veiðitæki, er tálma fiskför í vatninu, og skal þá þeim manni, er gera lætur það mannvirki, skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því, svo að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður, og að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegarins og tilhögun liggur undir samþykki veiðimálastjóra, og sé verkið unnið undir umsjón hans.

2. Ákvæði 1. málsg. r. gilda ekki:

- a. Ef vatnið eigi er fiskgengt af öðrum ástæðum.
- b. Ef talið er í matsgerð, að gerð fiskvegarins og viðhald hafi meiri kostnað í för með sér en hagnaður er af veiðinni, enda séu þá veiðispjöll þau, er af mannvirkinu leiðir, goldin fullum bótum.

3. Heimilt er eignarnám samkv. 2. málsg. r. 35. gr. til fiskvega, sem gerðir eru samkv. þessari grein.

38. gr.

Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarar áþekkrar notkunar, eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurðum, vatnsveituskurðum eða þess háttar skurðum eða leiðslum, og getur þá veiðimálastjóri krafist þess, að húið sé svo um skurðina eða leiðslurnar, að fiskur eða fiskseiði gangi ekki í þá. Kostnaðinn af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitunnar.

VIII. KAFLI.

Um fiskræktarfélag.

39. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirétt hafa í sama fiskihverfi, að gera félagsskap með sér um fiskrækt, með þeim hætti, er hér segir á eftir.

40. gr.

1. Nú vilja menn stofna fiskræktarfélag við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefir verið stunduð í því fiskihverfi. Ef félag á land, skal boða formann félagsstjórnar. Hafi veiðiréttur verið skilinn með öllu frá landareign, skal boða eiganda eða eigendur veiðiréttarins í stað landeiganda. Verði landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarveru, skal boða leiguliða á fundinn. Þá menn, er veiði eiga í almenningi stöðuvatna, samkv. 2. málsg. 8. gr., er eigi skylt að boða á fundinn, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, er það hefir verið stofnað.

2. Þegar stofna á fiskræktarfélag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða á fund alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

3. Fundi skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

41. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefir verið samkv. 40. gr., skal ræða stotnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

2. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir, er boða skal til fundar samkv. 40. gr. Fela mega þeir öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá taka þátt í umræðum, en hefir eigi atkvæðisrétt, fyrr en hann hefir verið úrskurðaður félagi í stað landeiganda, samkv. 44. gr.

3. Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkv. 40. gr. og atkvæðisbærir eru, samþykkja félagsstofnunina, má stofna félagið þegar á fundinum.

4. Nú verður félagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþykktar fyrir félagið samkvæmt 46. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er, að starfsemi þess hafi í för með sér, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eða nauðsynleg þykja.

42. gr.

1. Þegar nefndin hefir lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný, samkv. 40. gr.

2. Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun félagsins og taka ákvörðun um hana. Ef $\frac{2}{3}$ þeirra manna, er boða skal á fund samkvæmt 40. gr. og atkvæðisbærir eru samkvæmt 41. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja félagsstofnunina, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

43. gr.

Nú mæta eigi á fundi $\frac{2}{3}$ þeirra manna, er boða skal á fund, eða umboðsmenn þeirra, og skal þá nefndin enn boða til fundar á hæfileg-

um fresti. Ef samþykkt er á þeim fundi með $\frac{2}{3}$ atkvæða að stofna félagið, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

44. gr.

1. Stofnfundur, eða annar lögmætur félagsfundur, getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leiguliði óskar þess og landeigandi samþykkir, eða ef fyrirsjáanlegt er, að landeigandi geti ekki tekið þátt í félagsskapnum. Jafnan skal boða leiguliða sjálfan á þennan fund.

2. Skylt er landeiganda, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgangur jarðarinnar megi hækka fyrir þá veiðiaukningu, sem orðið hefir á jörðinni, meðan leiguliði bjó þar og greiddi gjöld þau, er jafnað er niður samkvæmt 48. gr., enda megi þakka veiðiaukninguna starfsemi félagsins.

45. gr.

Taka má í félagið aðra menn en þá, sem taldir eru í 40. og 44. gr., ef lögmætur félagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrétt í félaginu, nema þeim séu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá félagsins.

46. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir félagið þegar á stofnfundi, eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða, svo og um önnur félagsmálefni, hafi eigi verið öðruvísi um mælt í samþykkt. Hver félagsmaður hefir eitt atkvæði í félagsmálum, sbr. þó 45. gr.

2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
- b. Verkefni félags og félagssvæði.
- c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
- d. Fundahöld.
- e. Reikninga félags og endurskoðun.
- f. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, er leiðir af starfsemi félagsins.
- g. Sektir fyrir brot á samþykkt félags.
- h. Hvernig samþykkt félags verði breytt.
- i. Hvernig fara skuli um félagsslit.

47. gr.

Samþykkt skal félagsstjórn senda ráðherra til staðfestingar og láta fylgja henni kostnaðaráætlun. Ef samþykkt þykir ekki svo úr garði gerð, að staðfesta megi hana, sendir ráðherra hana aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykkt, svo og þegar lagað hefir verið það, er athugavert þótti, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Aldrei má samþykkt brjóta

í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

48. gr.

1. Kostnaði þeim, sem starfsemi félagsins hefir í för með sér, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í félagsskapnum. Samkvæmt þessum reglum skal semja skrá, er sýnir hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver félagsmaður á að greiða. Skráin skal gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru.

2. Gjaldskrá skal lögmætur félagsfundur samþykkja, og gildir hún um 5 ár, nema $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr. Gjaldskrá skal senda ráðherra til staðfestingar samkvæmt 47. gr.

49. gr.

1. Nú verða eigendaskipti að jörð, sem er á félagssvæðinu, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leiguliði er félagsmaður í stað landeiganda, getur lögmætur félagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist félagi.

2. Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar eða jarða, er liggja að fiskihverfi, er fiskræktarfélag starfar við, en utan félagssvæðis, og má þá leggja þær jarðir við félagssvæðið og skylda eigendur þeirra til að gerast félagsmenn, ef lögmætur félagsfundur samþykkir, enda hafi eigendum jarða þessara verið hoðað á fundinn og þeir átt þar atkvæðisrétt um samþykkt þessa.

50. gr.

1. Nú þykir æskilegt, að félag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $\frac{2}{3}$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja félagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun félagsins eins og sagt er í lögum þessum.

2. Nú þykir æskilegt, að tvö félög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna í hverju félagi samþykkja, enda mæli veiðimálastjóri með sameiningunni. Skal þá stofna eitt félag, er nái yfir svæði beggja félaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

51. gr.

Gjöld félagsmanna, sem ákveðin eru í staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki, og fylgir þeim í 2 ár frá eindaga lögveð í jörð eða veiðiréttindum, er stendur frammar öllu samningsbundnu veði.

52. gr.

1. Ef einhverjir félagsmenn þykjast vanhaldnir um skiptingu veiði eða um aðrar framkvæmdir félagsins, er þeim heimilt að skjóta máli sínu til veiðimálastjóra. Úrskurðar hann um ágreiningsefnið með samþykki veiðimálanefndar. Skylt er að gera stjórn félagsins kost á að láta uppi álit sitt um málið.

2. Stjórn fiskræktarfélags skal árlega gefa veiðimálastjóra skýrslu um starfsemi félagsins. Þær upplýsingar, er veiðimálastjóri kann að óska eftir, er stjórninni og skylt að gefa honum.

53. gr.

1. Nú starfa fiskræktarfélag við fiskihverfi, þar sem áður hefir engin veiði verið eða svo lítil, að hún hefir eigi verið talin í skýrslum um undanfarin 10 ár, og er þá félaginu heimilt að gera samþykkt, á lögmætum félagsfundi, um að friða með öllu fisk í fiskihverfi félagsins eða fyrir allri veiði, annari en stangarveiði.

2. Samþykkt um friðun samkv. 1. málsg. gildir um 5 ár í senn, nema $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr eða ráðherra skipi svo fyrir. Leita skal staðfestingar ráðherra á samþykkt samkv. 47. gr.

54. gr.

1. Fiskræktarfélagi skal heimilt á lögmætum félagsfundi að gera samþykkt um möskvavidd netja, er nota megir á félagssvæðinu, og um friðun tiltekinna svæða fiskihverfisins. Friðun þessi má ná til allrar veiði eða til tiltekinna veiðarfæra eða veiðiaðferða, og skal hún bundin við tiltekið tímabil.

2. Samþykkt samkv. 1. málsg. er háð staðfestingu ráðherra samkv. 47. gr.

55. gr.

1. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með kann að þurfa vegna byggingar eða starfrækslu klakstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging klakstöðvarinnar eða starfræksla kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

2. Nú eru skilyrði til friðunar samkvæmt 18. gr. eða 1. málsg. 23. gr. eigi fyrir hendi, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft fiskræktarfélagi að taka eignarnámi til leigu um ákveðið tímabil, og gegn fullum bótum, veiði í veiðivatni eða á tilteknu svæði í því, innan fiskihverfis þess, er félagið starfar við, þar, sem hentugt þykir, að félagið afli sér klakfiska.

IX. KAFLI.

Um veiðifélög.

56. gr.

1. Heimilt er mönnum að gera með sér félagsskap um veiði í þeim tilgangi:

- a. að félagið sjálft láti stunda veiði,
- b. að félagið selji á leigu rétt til stangarveiði, samkvæmt 3. málsg. 2. gr.

2. Um slíkan félagsskap, sem ræðir um í 1. málsg., skal fara svo sem sagt er fyrir í kafla þessum.

57. gr.

1. Félagssvæði veiðifélags getur verið:
 - a. heilt fiskihverfi,
 - b. einstakt vatn í fiskihverfi,
 - c. hluti af vatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiðiskap eða vatnskosti.
2. Ef um hluta straumvatns er að ræða, verður félagssvæði ætíð að ná svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð í því fiskihverfi.

58. gr.

1. Til þess að veiðifélag verði löglega stofnað, þarf leyfi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar að koma til.
2. Þeir, sem stofna vilja slíkt félag, skulu sækja til veiðimálastjóra um leyfi til félagsstofnunarinnar. Umsókninni skal fylgja:
 - a. greinargerð fyrir fyrirhugaðri starfsemi félagsins: veiðiaðferðum og veiðistöðum, ásamt ástæðum þess, að slíkt félag teljist æskilegt.
 - b. skýrsla um vatn eða vötn á fyrirhuguðu félagssvæði. Skal hún gerð samkvæmt 2. málsg. 10. greinar, enda hafi vatn þetta eða vötn eigi verið skrásett áður.
 - c. skýrsla um fyrirhugað félagssvæði og greinargerð fyrir takmörkum þess, ef um hluta vatns er að ræða, samkvæmt c.-lið 57. greinar.
3. Þegar veiðimálastjóri hefir rannsakað skjöl þau, er ræðir um í 2. málsgrein, og aðra málavöxtu, leggur hann málsskjölin, ásamt álitinu, fyrir veiðimálanefnd, sem svo tekur ásamt veiðimálastjóra fullnaðarákvörðun um það, hvort leyfa skuli félagsstofnunina eða ekki.
4. Þegar ákveðið hefir verið að veita leyfi til félagsstofnunar samkvæmt 3. málsg., gefur veiðimálastjóri út leyfi þetta, og skal það bundið við tiltekið félagssvæði og tiltekna starfsemi félags.
5. Ákvæði greinar þessarar skulu eigi gilda um stofnun félaga, er hafa það starfssvið, er getur um í 1. málsg. b.-lið 56. greinar, og er þeim, sem stofna vilja slíkt félag, heimilt að kveðja til stofnfundar, samkvæmt 59. gr., án frekari undirbúnings.

59. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega samþykkt samkv. 58. gr., og skulu þá frumkvöðlar félagsstofnunarinnar kveðja til fundar um málið.
2. Ef stofna á félagið við vatn eða vötn, sem veiði er í, skal kveðja til fundarins ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði. Ef félag á eða hefir til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Hafi veiðiréttur verið skilinn frá landareign, skal boða notanda veiðiréttarins.
3. Ef stofna á veiðifélag við vatn eða vötn, sem áður hafa verið veiðilaus, skal boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni eða vötnum á hinu fyrirhugaða félagssvæði.
4. Fundi skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

60. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefir verið samkvæmt 59. gr., skal lagt fram leyfi veiðimálastjóra til félagsstofnunarinnar, ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félagsins og verkefni og bóka fundargerð.

2. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir, sem boða skal til fundar samkvæmt 59. gr. Fela mega þeir öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

3. Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkv. 59. gr., samþykkja félagsstofnunina, má stofna félagið þegar á þessum fundi, án frekari undirbúnings.

61. gr.

1. Nú verður félagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Nefndin skal semja frumvörp til samþykktar og arðskrár fyrir félagið samkv. 63. og 64. gr. Leita skal og nefndin álitis sérfróðra manna um þau deiluatríði, sem upp kunna að hafa komið á fundinum, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eða nauðsynleg þykja.

2. Þegar nefndin hefir samið frumvörp til samþykktar og arðskrár, skulu þau ásamt öðrum skjölum, sem félagsstofnunina varða, lögð fram á hentugum stað til sýnis fyrirhuguðum félagsmönnum. Skal auglýsa framlagningu skjalanna með þeim hætti, er þar tíðkast í héraði um birtingu auglýsinga, sem varða almenning. Skulu skjölin liggja frammi til sýnis að minnsta kosti 2 vikna tíma.

62. gr.

Þegar lokið er undirbúningi samkv. 61. gr., skal nefndin boða til annars fundar samkv. 59. gr. Á fundinum skal enn ræða félagsstofnunina og taka ákvörðun um hana. Ef $\frac{2}{3}$ þeirra manna, sem boða skal á fund samkv. 59. gr., eða umboðsmenn þeirra samþykkja félagsstofnunina, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

63. gr.

1. Nú er stofnun félagsins löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir félagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða, svo og um önnur félagsmálefni, nema öðruvísi sé um mælt í samþykkt. Hver félagsmaður hefir eitt atkvæði í félagsmálum.

2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
- b. Félagssvæði. Skulu þar taldar, svo að eigi verði um villzt, þær jarðir, sem þátt taka í félagsskapnum.
- c. Verkefni félags.
- d. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
- e. Fundahöld.
- f. Reikninga félags og endurskoðun.

- g. Hvernig fara skuli um afla félagsins eða arð og um greiðslu kostnaðar þess, er leiðir af starfsemi félagsins.
- h. Sektir fyrir brot á samþykkt félags.
- i. Hvernig samþykkt félagsins verði breytt.
- j. Hvernig fara skuli um félagsslit.

64. gr.

1. Á stofnfundi eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma eigi í hlut herrar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni eða vötnum á félagssvæðinu. Veiðinni eða arði af henni skal jafna niður eftir veiðimagni eða áætluðu veiðimagni jarðanna, og skal skráin gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna 10 ára, ef til eru.

2. Arðskrá skal lögð undir samþykki fundarins, og er hún því aðeins samþykkt, að hún hljóti $\frac{2}{3}$ atkvæða félagsmanna.

3. Nú eru einhverjir félagsmenn óánægðir með arðskrá, og geta þeir þá krafizt mats samkvæmt 83. gr.

65. gr.

Kostnað, er leiðir af starfsemi félagsins, skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli og þeir taka arð.

66. gr.

Samþykkt og arðskrá skal félagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykkt og arðskrá þykja eigi þannig úr garði gerðar, að staðfesta megi þær, sendir ráðherra þær aftur til félagsstjórnarinnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann hvorttveggja, svo og þegar það hefir lagað verið, er ábótavant þótti, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

67. gr.

1. Þegar veiðifélag hefir verið stofnað með löglegum hætti, skal hverjum manni óheimilt að veiða í vötnum á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnarinnar.

2. Í samþykkt félags má setja ákvæði, er banna félagsmönnum og öðrum þeim, sem á félagssvæðinu búa, að hafa með höndum ádráttarnet, nema þeir geti sannað, að nota eigi þau til veiða í vatni utan félagssvæðis.

3. Ákvæði 1. málsgreinar skulu eigi taka til þeirra, sem fengið hafa veiðiskírteini samkv. 20. gr.

68. gr.

1. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, veitt veiðifélagi undanþágu frá ákvæðum 27., 28. og 30. gr. laga þessara um lengd fastra veiðivéla út í vatn.

2. Undanþága, sliker ræðir um í 1. málsgr., skal aðeins gilda fyrir félagssvæði þess félags, sem hún er veitt. Má því aðeins veita hana, að fiskrækt sé starfrækt í vatni eða vötnum á félagssvæðinu, og skal hún bundin þeim skilyrðum, að eigi sé nema ein veiðivél notuð á öllu félagssvæðinu og engin önnur veiði sé stunduð þar. Ef ástæða þykir til, má og binda undanþáguna skilyrðum um eftirlit samkv. 77. gr.

69. gr.

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi í stað hins og taka að sér skuldbindingar hans við félagið.

2. Skylt er félagi, þá er ábúandi fer frá jörð á félagssvæði, að svara honum út þeim hluta, er hann kann að eiga í eignum félagsins.

3. Ef ekki semst um skuldbindingar eða eignarhluta samkv. 1. og 2. málsgrein, skal mat skera úr ágreiningi.

70. gr.

1. Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði eða veiðifélag fiskrækt, og er það þá heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um stofnun fiskræktarfélags eða veiðifélags, eftir því sem við á.

2. Nú vilja menn stofna félag um fiskrækt og félagsveiði, og er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um bæði fiskræktar- og veiðifélög.

X. KAFLI.

Um ófriðun sels.

71. gr.

1. Hverjum manni er heimilt að skjóta eða stýggja sel í veiðivötnum, svo og í ósum þeirra, ef eigi er öðruvísi mælt fyrir í lögum.

2. Á Hvammsfirði skal svæði, er liggur fyrir innan línu úr ytri enda Skoravíkurmúla í Hólmlátursborgir, verða undanþegið banni gegn selaskotum og uppdrápi.

72. gr.

1. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær árósi, er lax eða göngusilungur gengur í, en 7 km., og skulu þau þá ófriðuð, enda verði talið við matsgerð, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiðinni.

2. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósum ár, sem segir í 1. málsgrein, en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft, að þau séu ófriðuð, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að matsgerð telji þess fulla von, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

73. gr.

1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er ræðir um í 72. gr., skulu koma fullar bætur.

2. Bætur þessar greiði eigendur laxveiði eða göngusilungs í físki hverfinu. Skulu bæturnar vera árgjald og ákveðnar í eitt skipti fyrir öll, sbr. þó 3. málsg. Bæturnar greiði veiðieigendur að tiltölu við veiðimagn hvers um sig á síðasta ári á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkv. 2. eða 55. gr., og greiðir þá leigutaki bæturnar í stað leigusala.

3. Ef lax- eða göngusilungsveiði þeirra jarða, er bætur hljóta samkvæmt 2. málsgrein, eykst eftir að byrjað er á ófriðun sels, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir til frádráttar bótunum, enda geri einhver þeirra, er bætur eiga að greiða, kröfu um mat veiðiaukans. Nú er talið í matsgerð, að lax- eða silungsveiði einhverrar jarðar hafi aukizt svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn falla niður.

XI. KAFLI.

Um stjórn veiðimála og eftirlit.

74. gr.

1. Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón allra veiðimála.

2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.

75. gr.

1. Veiðimálastjóri skal vera kunnátumaður um veiðimál og vatnalíffræði. Skal hann skipaður af atvinnumálaráðherra til 5 ára í senn og launaður af ríkissjóði.

2. Veiðimálastjóri skal hafa þessi störf með höndum:

- a. að annast nauðsynlegar rannsóknir vatna og fiska og skrásetningu veiðivatna,
- b. að sjá um söfnun á skýrslum um veiði og fiskrækt.
- c. að gera eða láta gera uppdrætti að klakstöðvum og fiskvegum og hafa umsjón með gerð þeirra mannvirkja,
- d. að gera tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði um friðun eða veiðiskap, sem sett eru samkv. lögum þessum,
- e. að veita mönnum leiðbeiningar um veiðimál og vera ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur.

76. gr.

1. Veiðimálanefnd skal skipuð 3 mönnum. Atvinnumálaráðherra skipar nefndina, og skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, en annar eftir tillögum Fiskifélags Íslands, þangað til samband

islenzkra fiskræktarfélagi kynni að verða stofnað. Skal þá samband þetta, í stað Búnaðarfélagisins og Fiskifélagsins, gera tillögur um skipun tveggja manna í nefndina.

2. Veiðimálanefnd tekur ekki kaup fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr rikissjóði.

3. Veiðimálanefnd skal vera ráðherra til aðstoðar um veiðimál. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leitað til setningar reglugerða og annara ákvæða um friðun eða veiðiskap, þar sem svo er fyrir mælt í lögum þessum.

77. gr.

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn við veiðivötn, svo marga og við þau vötn, er nauðsynlegt þykir. Um tölu þeirra og skipun skal farið eftir tillögum veiðimálastjóra.

2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir skulu safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær upplýsingar um veiði og veiðivötn, er hann kann að óska. Þeir skulu gera skrár yfir fastar veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmi sínu og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari ákvæði um starfsemi þeirra skulu sett í erindisbréf, er veiðimálastjóri gefur þeim.

3. Veiðimálastjóri gefur út skirteini handa eftirlitsmönnum.

4. Eftirlitsmenn skulu hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki, eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða á þeim stöðum, þar sem eigi má nota þau.

78. gr.

Veiðimálastjóri semur við eftirlitsmenn um kaup þeirra. Kaupið greiðist úr sýslusjóði og endurgreiðist sýslusjóði af veiðieigendum, að tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig undanfarið ár. Sýslunefnd jafnar gjaldinu niður, og má taka það lögtaki.

XII. KAFLI.

Um styrkveitingar til fiskræktar.

79. gr.

1. Nú byggir fiskræktarfélag klakstöð, og skal þá veita því styrk úr rikissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvert metið dagsverk við byggingu stöðvarinnar.

2. Nú gerir fiskræktarfélag fiskveg eða aðrar framkvæmdir til að greiða fyrir fiskför um vatn, og skal þá veita félaginu styrk úr rikissjóði, er nemi $\frac{1}{8}$ kostnaðar við verkið.

3. Nú þykir eigi ráðlegt að stofna fiskræktarfélag í fiskihverfi, vegna þess hve lítið fiskihverfið er eða af öðrum ástæðum, en veiðieigendur í hverfinu, einn eða fleiri, gera mannvirki slík sem ræðir um í 1. og 2. málsgri., og má

þá veita þeim styrk til þess úr ríkissjóði, jafnháan og ákveðið er í 1. og 2. málsgrein.

80. gr.

Nú er fiskrækt hafin í fiskihverfi, er áður var veiðilaust, og skal þá veita styrk úr ríkissjóði, er nemi allt að kr. 3,00 á hvert þúsund seiða, sem flutt eru í vatnið.

81. gr.

1. Styrkur sá, er ræðir um í 79. og 80. gr., skal því aðeins veittur, að veiðimálastjóri mæli með styrkbeiðni, enda hafi hann samþykkt tilhögun mannvirkja þeirra, er styrkur er veittur til, og þau gerð undir eftirliti hans.

2. Nú er styrkur veittur úr ríkissjóði til að gera klakstöð, og skal ráðherra þá heimilt að ákveða hámarksverð á seiðum, sem seld eru frá klakstöðinni.

82. gr.

Veita má lán úr ræktunarsjóði til framkvæmda þeirra, sem getið er í 79. og 80. gr. Lánstíminn má vera allt að 10 ár, og mega lánin vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin. Lánsupphæðin má vera allt að $\frac{2}{3}$ kostnaðar við framkvæmd verksins. Nú er fiskræktarfélag lántakandi, og má þá veita lán gegn sameiginlegri ábyrgð félagsmanna.

XIII. KAFLI.

Um matsgerðir og skaðabætur.

83. gr.

1. Nú greinir menn á um takmörk óss eða leiru, um það, hvar aðalstraumlína ár sé eða hvað teljast skuli kvísl, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.

2. Matsgerðir samkv. 1. málsg. og aðrar matsgerðir, sem rætt er um í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn, sem dómkvaddir eru af héraðsdómara í því undæmi, er vatn það, er ágreiningurinn ris af, er í. Nú er um merkivatn milli lögsagnarumdæma að ræða, og ákveður þá ráðherra, í hverju lögsagnarumdæmanna matsmenn skuli dómkvaddir.

3. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá lokum matsgerðar. Yfirmat framkvæma 3 menn, dómkvaddir með þeim hætti, sem segir í 2. málsg.

4. Matsmenn ákveða kostnað við mat og skiptingu hans á aðila.

5. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

84. gr.

Nú rýrna hlunnindi og þar með verðmæti jarðar við framkvæmd þessara laga, og getur þá jarðareigandi krafizt endurmats á jörðinni.

85. gr.

Um ákvörðun upphæðar bóta eða endurgjalds, er greiða skal samkv. lögum þessum, skal matsnefnd fara eftir því, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Um greiðslu bóta eða endurgjalds fari einnig eftir þeim lögum.

XIV. KAFLI.

Refsiákvæði og réttarfar.

86. gr.

1. Ef maður veiðir ólofað í veiðivatni annars manns, varðar það sektum, allt að 1000 kr. Sá, er misgert var við, skal fá allt veiðifang eða andvirði þess, auk bóta fyrir annað tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir.

2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

87. gr.

Sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr. varðar, ef maður gerist brotlegur gegn lögum þessum eða reglum, sem samkvæmt þeim eru settar, þannig:

- a. að hann veiði á þeim tíma eða þeim stöðum, er veiði er bönnuð,
- b. að hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem hannað er að nota, sbr. þó 88. gr., eða fylgir ekki settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um aðferð við veiði.
- c. að hann veiðir fisk, sem minni er en svo, að leyfð sé veiði hans, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er skylt er að sleppa.
- d. að hann brýtur ákvæði 21. gr. eða 32. gr. eða
- e. að hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.

88. gr.

Nú notar maður sprengiefni, eitruð efni eða deyfandi við veiði, og varðar það fangelsi eða sektum, ekki lægri en 500 kr.

89. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 kr.

90. gr.

Brot þau, er ræðir um í 86. gr., a—b-liðum 87. gr. og 88. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin í vatn.

91. gr.

Ólögleg veiðitæki, svo og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk gerð.

92. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptækra veiðitækja, renna í sýslusjóð, þar sem brot er framið. Nú er brot framið í fleiri sýslum en einni, og skiptist þá sekt og andvirði upptækra veiðitækja að jöfnu milli sýslusjóðanna.

93. gr.

1. Mál út af brotum samkv. 86. gr. skulu rekin sem einkalögreglumál, og á sá sókn sakar, sem misgert er við.

2. Önnur mál til refsingar fyrir brot á lögum þessum eða á reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

XV. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

94. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933, og ganga þá eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi.

Lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþykktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

XIII. kafli vatnalaga, nr. 15, 20. júní 1923.

2. málsgr. 1. gr. laga nr. 30, 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppdráp.

Lög nr. 6, 14. júní 1929, um fiskiræktarfélög.

XVI. KAFLI.

Bráðabirgðákvæði.

95. gr.

1. Ákvæði XI. kafla laga þessara, um stjórn veiðimála og eftirlit, önnur en 1. málsgr. 74. gr., koma ekki til framkvæmda fyrst um sinn, en atvinnu-
málaráðherra setur með reglugerð fyrirmæli um það, að sá maður, sem hefir með höndum eftirlit með laxa- og silungaklaki í landinu, komi í stað veiðimála-
stjóra og veiðimálanefndar, eftir því sem við getur átt, og hreppstjórar í stað
eftirlitsmanna við veiðivötn. Skulu slík reglugerðarákvæði gilda þar til Alþingi
kveður öðruvísi á.

2. Ákvæði XII. kafla þessara laga, um styrkveitingar til fiskræktar, koma ekki til framkvæmda fyrr en fé er veitt til þeirra í fjárlögum.